



Borgarráð

Barónsstígur 43 - Sundhöll Reykjavíkur - endurnýjun kvennaklefa í eldri byggingu

Óskað er eftir heimild til að bjóða út framkvæmdir við endurnýjun eldri búnings- og baðaðstöðu kvenna í Sundhöll Reykjavíkur. Frumkostnaðaráætlun vegna framkvæmdarinnar nemur 100-120 mkr.

Með opnun nýrrar útilaugar hefur aðsókn stórukaust að Sundhöllinni og mæðir mikið á innviðum auk þess sem núverandi búnings- og baðaðstaða duga ekki til að mæta aðsókn á álagstímum. Með endurnýjun gömlu kvennaklefanna á jarðhæð sundhallarinnar er hægt að mæta aukinni aðsókn. Aðstaðan getur nýst hvort heldur fyrir konur eða karla þar sem unnt er stýra notkun eins og best þykir henta hverju sinni.

Greinargerð: Undanfarin ár hafa litlar endurbætur verið framkvæmdir innanhúss ef frá eru taldar aðgerðir sem lúta að bættu aðgengi og endurgerð búnings- og baðaðstöðu fyrir karla á árinu 2017. Ljóst er að endurnýja þarf flísalögn kvennabaða „gömlu“ Sundahallarinnar í heild og stiga upp að innilaug. Í sturtuklefa eru flísar á gólfum orðnar mattar, múr milli flísa er farinn að losna upp og rakaskemmdir sjáanlegar á máluðum flötum. Við inngang að sundlaug og inn í sturtuklefa hafa verið gerðar breytingar á gólfi og virtust flísar á þeim svæðum vera lausar frá undirlagi.

Á þeim 80 árum sem Sundhöllin hefur verið í notkun hafa ýmsar breytingar verið gerðar sem ekki hafa alltaf verið í samræmi við upprunalega hönnun og útlit. Samhliða vinnu við endurnýjun verða eldri breytingar lagfærðar með hliðsjón af því að Sundhöllin var friðuð af menntamálaráðherra 20. des. 2004 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. Laga um húsafriðun, nr. 104/2001. „Friðunin tekur til ytra og innra borðs laugar, búningsklefa og sturtuklefa“

Aðgengi að klefunum verður niður stiga í afgreiðslu viðbyggingar og/eða niður stiga í eldra húsi auk þess sem hreyfihamlaðir geta tekið lyftu milli hæða og gengið beint inn í búningsklefann, eða valið að fara í sér klefa með aðgengi fyrir alla sem útbúnir voru við endurbætur og hafa verið teknir í notkun. Aðgengi úr gamla kvennaklefanum að innilaug er með tvennum hætti, annars vegar upp eldri stiga eins og áður og hins vegar með lyftu í nýju tengibyggingu útilaugar við austurenda hússins. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdinni í gildandi fjárfestingaráætlun ÍTR en talið að hún rúmist innan heildarfjárheimildar ársins. Framkvæmdin kemur til með að hafa áhrif til hækkunar innri leigu ÍTR á árinu 2020 sem nemur 8,5 -10,2 mkr.. Ekki er talið að þessi viðbót hafi áhrif á nettó afkomu í rekstri Sundhallarinnar þar eð auknum rekstrarkostnaði verður mætt með auknum tekjum og verður mið tekið af því við fjárhagsáætlun vegna 2019.

Gert er ráð fyrir að viðhaldsverktakar Sundhallar komi að framkvæmdum undir stjórn verkstjóra á staðnum. Viðgerð verður unnin í nánú samráði við hönnuði, Minjastofnun Íslands og notendur. Framkvæmdatíminn er áætlaður 5 mánuðir og er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í júní n.k..

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Áætlun um viðgerð og endurbætur - unnin af USK/gpk

Viðgerð og endurbætur á kvennaböðum

Gamli kvennaklefinn – endurbyggja og Flísalögn á ganginum frá gamla kvennabaðinu upp stigann að innilaug – Flísaleggja

Stefnt er að gera við kvennaböð á þessu ári. Haft verður samráð við skrifstofu eigna- og atvinnupróunar (SEA), Minnjastofnun og notendur (ÍTR).

Sundhöllin var friðuð af menntamálaráðherra 20. des. 2004 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. Laga um húsafriðun, nr. 104/2001. „Friðunin tekur til ytra og innra borðs laugar, búningaklefa og sturtuklefa“

Undanfarin ár hafa litlar endurbætur verið framkvæmdir innanhúss nema bætt aðgengi og endurgerð karlabaða í fyrra. Í tímana rás hefur eitt og annað verið breytt á þeim 80 árum sem Höllin hefur verið í notkun. eru það ekki allt breytingar sem að ríma við byggingastílinn og þyrftu því að endurskoðast þar með talin kvennaböðin.

Örstutt ástandslýsing og tillaga að úrbótum kvennaböðum.

Búningaklefar voru skoðaðir lauslega en ekki var að sjá skemmdir á þeim sem neinu nemi. Í og við glugga var málning farin að flagna og rakaummerki voru við gluggana. Loftstokkur sem tekin er út um glugga rétt utan við sturtuklefa er farin að láta á sjá vegna ryð og óhreininda.

Sturturými er í mjög döpru ástandi, flísar mattar, fúgur milli flísa lausar, rakaskemmdir í máluðum flötum. Í sturtuklefa er hægt að greina að flísar á gólfum eru mattar og múr milli flísa er farin að losna upp. Við inngang að sundlaug og inn í sturtuklefa hafa verið gerðar breytingar á gólfi og virtust flísar á þeim svæðum vera lausar frá undirlagi

Endurnýja þarf flísalögn kvennabaðana í heild ásamt stigann upp að innilaug.

o Fjarlægja gólfplísar, sökkulflísar og ílögn.

o Þétta og gera við sprungur að ofan ef einhverjar koma í ljós.

o Loka plötu að ofan með epoxy lakki og/eða dúk, flota, þétta og mála.

o Fjarlægja lausa pússningu og lausa steypu

o Brjóta frá steypustyrktarjárnnum sem eru sýnileg og ryðverja járnin.

o Gera við steypu með viðurkenndum aðferðum.

o Brunaverja stálbita

Endurnýja þarf allar pípulagnir, raflagnir og flísalagnir og færa til upprunalegs horfs.

Gert er ráð fyrir að viðhaldsverktakar Sundhallar komi að framkvæmdum undir stjórn verkstjóra á staðnum. Viðgerð verður unnin í nánú samráði við hönnuði, Minnjastofnun Íslands og notendur.

Byggingastjóri verður Agnar Guðlaugsson, deildarstjóri byggingadeildar, Skrifstofu framkvæmda og viðhalds.



Áætlaður kostnaður

Frumáætlun Kvennaklefar, böð og stigi.....100 -120 MKR